Vegslóðar – endurheimt staðargróðurs og landslags

Anna Sigríður Valdimarsdóttir[1], Kristín Svavarsdóttir[2] og Ása L. Aradóttir[1]
[1]Landbúnaðarháskóli Íslands og [2]Landgræðsla ríkisins

Inngangur

Hér á landi hefur myndast töluvert slóðakerfi vegna utanvegaaksturs en auk þess hafa vegslóðar verið myndaðir af öðrum ástæðum, s.s. vegna framkvæmda. Í gangi er samráðsferli stjórnvalda og hagsmunaraðila til að ákvarða hvaða leiðum beri að halda opnum og færa í skipulag. Fyrir liggur að loka þurfi slóðum sem ekki falla undir þann flokk. Því má gera ráð fyrir aukinni þörf á vistheimt. Þessir slóðar eru við ólíkar land- og gróðurfarslegar aðstæður og gera því kröfur um ólíkar nálganir í vistheimt og landslagsmótun.

Markmiðið með þessu verkefni er tvíþætt; annars vega að þróa aðferðir við endurheimt staðargróðurs í slóðum í mismunandi gróður- og landgerðum og hins vegar að þróa aðferðir við mat á endurheimt landslags.

Verkefnið

Árið 2011 hófst vinna við þróun á ástandsmati og aðferðum til að bæta land eftir akstur utan vega:

- Þróuð drög að flokkunarkerfi fyrir rofhættu í slóðum
- Lagðar út þrjár tilraunir á tveimur svæðum í nágrenni Reykjavíkur
- Allt að sex meðferðir auk viðmiðs:
  - meðferðir sem byggja á hefðbundnum landgræðsluaðferðum; áburðargjöf með og án fræsáningar
  - meðferðir með staðarefniviði (1. mynd); gróðurtorfur, dreifing mosagreina með og án rasks á yfirborði og dreifing fræslægju

Verkefnið sem hér er kynnt fjallar um tilraunahlutann og áhrif mismunandi uppgræðslu fyrstu árin eftir inngrip. Samfara þeirri vinnu varð ljóst að taka þyrfti inn mótun landslags (sjá 2. mynd) til að draga úr áhrifum slóða á ásýnd landslags.

Verkefnið skiptist í tvo verkþætti:

Tilraunahluti

- Sumarið 2012 og 2013 var gróður mældur í tilraunum á Reykjanesskaga og í Mosfellsbæ.
- Sumarið 2013 voru teknar út tvær eldri tilraunir (frá 2007) á Hellisheiði (gróðurtorfur og fræslægja).

Landslagshluti

- Fræðilegur grunnur
- Hugmyndavinna



2. mynd: Skipulag verkefnisins og tengsl verkþátta innan þess.

Staðargróður

1. mynd: Yfirlit yfir nokkrar meðferðir í rannsókninni. Myndir A-E eru úr tilraunum í Mosfellsbæ og myndir F og G eru frá tilraun á Reykjanesskaga.

Tilraunahluti verkefnisins gengur út á að kanna hvort meðferðir með staðarefniviði flýti fyrir endurheimt staðargróðurs umfram hefðbundnar landgræðsluaðferðir.

Í verkefninu er leitað svara við hvort aðferðir með staðarefniviði leiði til þróunar gróðurfars í átt að staðargróðri, þróist í aðra átt eða jafnvel hvort áhrifin séu lítil sem engin.



3. mynd: Myndin vinstra megin sýnir aflagðan slóða í mosaþembu á Reykjanesskaga. Sömu mynd má sjá hægra megin en henni hefur verið breytt til að líkja eftir endurheimt mosagróðurs sem stingur minna í stúf við þann gróður sem þarna er heldur en t.d. ef grasi hefði verið sáð.

Landslag

Úr flokkunarkerfi[1] við mat á landslagi sem lagað hefur verið að vegslóðum.

Dæmi:

- Lögun – flöt
- Víðsýni/dýpt – 3–10 km
- Gróður
  - þekja – samfelld
  - fjölbreytni – lítil
- Mynstur
  - litaauðgi – frekar lítil
  - blettastærð – gróf
  - fjölbreytni – lítil



Lokaorð

- Úttekt tilrauna er lokið
- Úrvinnsla ganga er á frumstigi
- Gróðurþekja sem samanstendur af gróðri frábrugðnum staðargróðri dregur ekki endilega úr áhrifum slóða á ásýnd landslags
- Verkefninu er ætlað að bregðast við þörf á aðferðum við endurheimt gróðurs í slóðum þannig að hún falli sem best að umhverfinu

Heimild

[1]Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. Íslenskt landslag. Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni. Háskóli Íslands.

Þakkir

- Vegagerð ríkisins styrkir verkefnið
- Landgræðsla ríksins og Landbúnaðarháskóli Íslands
- Landeigendur og fleiri sem veittu aðstoð